

Reikningur sjóðsins skal fylgja ársreikningum Hvanneyrarskólans og endurskoðast á sama hátt og þeir. Reikningurinn skal birtur í skýrslum skólans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Verði sú breyting á Hvanneyrarskóla, að breyta þurfi skipulagsskrá þessari, til þess að sjóðurinn nái tilgangi sínum, skal landbúnaðarráðuneytinu heimilt að gera slíkar breytingar á henni að höfðu samráði við stjórn sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta.

1. gr.

Við innflutning á forsmíðuðum byggingum og sérstaklega tilsníðnum byggingahlutum skal greiða í ríkissjóð jöfnunarálag í tveimur gjaldflokkum, af vörum sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer í viðauka I við lög nr. 55/1987, tollalög, sbr. lög nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum:

A. Af vörum í tnr. 4418.9001, 6810.9100, 7308.9001, 7610.9002 og 9406.0009 greiðist 6% gjald.

B. Af vörum í tnr. 9406.0001 greiðist 3% gjald.

Jöfnunarálag skal lagt á tollverð álagsskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.—10. gr. tollalaga nr. 55/1987.

2. gr.

Jöfnunarálag skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu álagsskyldra vara og skal gerð grein fyrir því í reit 40 í aðflutningskýrslu.

3. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um úrskurð um flokkun til álagsskyldu, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunarálag af innfluttum álagsskyldum vörum samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 55/1987, tollalaga, með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 120. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. júní 1988.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.